

Veiðimálastofnun.

Jón Kristjánsson.

Janúar 1983.

## Seiðarannsóknir í Laxá á Ásum, 2/9 '82.

Gerðar voru seiðarannsóknir í ánni til þess að athuga hvort tjón hefði orðið á seiðum í Efri-Laxá, en hún mun hafa þornd að mestu fyrriparts árs 1982.

### Aðferðir.

Veitt var með rafmagnsveiðitæki á þrem stöðum í Efri-Laxá. Slikt tæki veiðir seiði upp í ca. 20 cm að lengd, og er notað til þess að fá upplýsingar um vöxt og viðgang þeirra, svo og fjölda á hverjum stað. Til samanburðar var veitt á einum stað í Laxá við Holt. Á hverjum stað var veitt u.p.b.  $50 \text{ m}^2$  svæði og var farin ein yfirferð. Allur fiskur var lengdarmældur, og aldurssýni (hreistur og kvarnir) tekin úr hluta aflans. Þar sem farin var aðeins ein yfirferð á hverjum stað fékkst einungis gróf hugmynd um seiðapéttleika ( $\text{fjölda/m}^2$ ) svo taka ber tölu-gildin með varúð. Við útreikning er giskað á að um 20% sumargamalla ( $0+$ ) seiða hafi veiðst, og um 40% af þeim eldri.

### Niðurstöður.

#### A. Efri-Laxá.

Stöð 1. (mitt á milli þjóðvegarbrúar og Laxárvatns). Alls veiddust 43 urriðarseiði og 1 laxaseiði í einni yfirferð á  $50 \text{ m}^2$  svæði (mynd 1.). Péttleiki urriðaseiða var  $160/100 \text{ m}^2$  af  $0+$  og  $135/100 \text{ m}^2$  af  $1+$  (veturgömlum). Laxinn sem veiddist var  $13,5 \text{ cm}$  langt gönguseiði.

Stöð 2. ( $50 \text{ m}$  fyrir neðan brú á þjóðvegi). 23 urriðar veiddust, enginn lax (mynd 1.). Péttleiki:  $0+ : 130/100 \text{ m}^2$ ,  $1+ : 50/100 \text{ m}^2$ .

Stöð 3. (efst í ánni, rétt neðan við vatnshæðarmæli O.S.) 10 urriðar, og einn lax veiddust (mynd 1.). Laxinn var  $7,9 \text{ cm}$  veturgamall. Péttleiki urriða:  $0+ : 20/100 \text{ m}^2$ ,  $1+ : 12/100 \text{ m}^2$ . Eins og tölurnar bera með sér var áberandi minnst af seiðum í þessari stöð.

## B. Neðri-Laxá

Stöð 4. (neðan við Holt). Þarna veiddust 56 laxaseiði í einni yfirferð á  $50 \text{ m}^2$  svæði. Enginn urriði fékkst (mynd 2). Þéttleiki laxaseiða:  $0+ : 480/100 \text{ m}^2$ ,  $1+ : 25/100 \text{ m}^2$  og  $2+ : 15/100 \text{ m}^2$ .

Fyrri athuganir.

Ég hef nokkru sinnum veitt seiði með rafmagnstæki í Efri-Laxá og hefur jafnan fundist mikið af seiðum, bæði lax og urriða, en yfirleitt voru þau hvorki mæld né talin. Þó er til ein mæling, frá 6/7 1975, þá var veitt ekki langt frá stöð 1. og staðið að veiðunum á svipaðan hátt og nú var gert, þ.e. veitt ca  $50 \text{ m}^2$  einu sinni. Þennan dag 1975, veiddust 22 laxaseiði og 34 urriðaseiði, (mynd 2). Hlutfallið lax/urriði hefur þá verið u.p.b. 2/3, miklu hærra en 1982.




### Samantekt á niðurstöðum

#### Alyktanir.

Minnst fannst af seiðum efst í Efri-Laxá, fjöldinn fór vaxandi eftir því sem neðar dró í ánni. Urriðaseiði eru algjörlega yfirgnæfandi og alls staðar yfirdrifið af seiðum, nema e.t.v. efst í ánni. Ekki er hægt að sjá að tjón hafi orðið á urriðahrognum eða ársgömlum seiðum veturinn 81-82 nema e.t.v. efst í ánni, en athuganir sumarið 1983 gætu gefið visbendingu þar um. Miklu meira fannst af laxaseiðum 1975 en nú, hvort það stafar af meiri hrygningu 1974 eða af nýlegum og óeðlilegum vetrarafföllum er ekkert hægt að segja um af þeim gögnum sem liggja fyrir. Neðri-Laxá er ofsetin laxaseiðum við Holt. Fjöldi sumargamalla seiða er það mikill að hann stendur eldri seiðum fyrir þrifum. Hlutfall sumarseiða/eldri seiða er u.p.b. 10/1. Þessi mikli munur stafar sennilega ekki af því að hrygning hafi verið svona miklu minni haustið '80 samanborið við '81, liklega er að dauði fyrsta árið sé svona gifurlegur, einmitt vegna þess hve seiðin eru mörg. Ekki er undarlegt að hrygning sé svona mikil, aðeins er veitt með tveimur stöngum auk þess sem dagsaflinn er takmarkaður við 40 laxa. Þó það sé e.t.v. utan við markmið þessarar athugunar, sem gerð var fyrst og fremst til þess að kann áhrif burrka veturinn 81-82, get ég ekki látið hjálíða að benda á nokkur

atriði varðandi Efri-Laxá og nýtingu hennar. Ljóst virðist að allt of mikið af urriða hrygni í ánni, hvort sem meinингin er að nýta ána til urriða eða laxaframleiðslu. Mér þykir líklegt að mestur hluti hrygningarárriðans gangi í ána á haustin upp úr Laxárvatni. Með því að koma fyrir kistu neðst í ánni, mætti ganga úr skugga um þetta, og jafnframt nýta þann urriða sem er umfram hæfilegan hrygningarárstofn. Um leið fengjust upplýsingar um fjölda þeirra laxa sem gengju upp í ána. Eins þyrfti að tryggja að nægjanlegt vatnsmagn væri í gamla farveginum, frá Laxárvatni að virkjunarskurði, svo laxinn kæmist óhindrað fram í á ef hann vildi. Æg er ekki nógu kunnugur til þess að vita hvort þetta myndi stangast á rekstur virkjunarinnar. Vist má telja að lax sá er leitar fram í Efri-Laxá sé borinn og barnfæddur í henni. Eigi að koma þar upp laxgengd er nauðsynlegt að tryggja að hann geti hrygnt þar, og minnka samkeppni frá urriðanum eins og hægt er. Tilgangslaust er að sleppa laxaseiðum á svæðið, vegna þess hve mikið er af seiðum þar fyrir. Ef ráðgert yrði að koma fyrir kistu í ánni yrði að sjálfsögðu að sækja um leyfi til veiðimála-yfirvalda.

MYND 1.




LAXA Á ÁSUM, EFRI HLAUTI, 2/9 1982


"  
FJÖLDI / LENGD VEIÐDRA FISKA Á HVERRI STÖD"

□ : URRIDI

■ : LAX



LENGDARDREIFING OG ALDUR VEIDDRA LAXASEIDA  
i LAXA Á ÁSUM, 21.9.1982, STÖÐH. VID HOLT



EFRI LAXA, 6.7.1975 STÖÐ 1

LENGDARDREIFING OG ALDUR VEIDDRA SEIDA